

Reykjavík, 11.11.24

Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar - umsagnarbeiðni

Umsögn íbúaráðs Grafarvogs

Eins og fram kemur í stefnunni eru það lífsgæði að hafa góð ljósægði í borginni, enda er Reykjavík borg fyrir fólk, jafnt gangandi, hjólandi og akandi. Í skýrslu um ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar sem íbúaráð fékk til umsagnar er víða komið við og fjallað um lýsingu frá ýmsum ólíkum hliðum. Íbúaráð tekur undir það sem fram kemur að hlutverk borgarinnar sé m.a. að tryggja þægindi fyrir vegfarendur, skapa öryggi, sporna við ljósmengun og draga fram einkenni borgarinnar.

Það er eðlilega nauðsynlegt að horfa á lýsingarmál út frá öryggissjónarmiðum og sem umhverfismál. Í stefnunni er gerður góður greinarmunur á ólíkum lýsingum, ólíkum tilgangi og komið inn á orkunýtingu og orkusparnað. Að mati íbúaráðs koma fram í stefnunni gagnlegar upplýsingar og í skýrslunni er góð sýn á viðfangsefnið.

Íbúaráð vonast til þess að öll sú vinna sem lögð hefur verið í að móta þessa stefnu og kynna hana komi til með að skila sér til íbúa Reykjavíkur og allra þeirra sem sækja borgina heim.

Með kveðju,
f.h. íbúaráðs Grafarvogs,
Fanný Gunnarsdóttir
formaður